

Leikstarf að hefjast !!

Nú fer leikstarf Ungmennafélaganna að hefjast. Ætlunin er að hittast tvo sunnudaga í nóvember með leikstjóranum Jóni Stefáni Kristjánssyni og hrista hópinn saman. Farið verður í léttu leiki, lesið saman og starf vetrarins rætt. Allir þeir sem áhuga hafa að taka þátt eru hvattir til að mæta, hvort sem þeir hafa áhuga á að leika eða sinna öðrum störfum s.s. smíðum, förðun, búningahönnun, markaðsmálum o.s.frv.

Endilega mætið sem flest í Þingborg sunnudaginn 9. nóvember klukkan 18:00 og sunnudaginn 16. nóvember klukkan 18:00. Fólk á öllum aldri er hvatt til að koma og taka þátt í skemmtilegu starfi.

Ungmennafélögin

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	3. nóvember
Íþróttæfing eldri	4. nóvember
Þróðakvöld í Þjórsárveri	4. nóvember
Íþróttæfing yngri	5. nóvember
Leiklistarhittingur	9. nóvember
Glímuæfing	10. nóvember
Fjórðungsglíma í Þingborg	11. nóvember
Íþróttæfing yngri	12. nóvember
Kornskurðarball	15. nóvember
Leiklistarhittingur	16. nóvember
Glímuæfing	17. nóvember
Íþróttæfing eldri	18. nóvember
Íþróttæfing yngri	19. nóvember
Glímuæfing	24. nóvember
Íþróttæfing eldri	25. nóvember
Íþróttæfing yngri	26. nóvember
Jólaónukvöld í Þjórsárveri	26. nóvember
Menningarferð kvenna í Gaulv.b.hr.	29. nóvember



Áveitan



11. tbl, nóv. 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhug og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Kornskurðarballið

Hið sívinsæla Kornskurðar- og heimaslátraraball verður haldið í Þjórsárveri laugardagskvöldið 15. nóvember næstkomandi. Húsið opnar kl. 23:00 og kostar 1500 kr inn til klukkan 00:00 en eftir það hækkar verðið upp í 2000 kr. Jón Bjarnason mun leika fyrir dansi líkt og undanfarin ár og aldurstakmark er 18 ár. Enginn má láta sig vanta á þetta stórskemmtilega ball sem er fyrir jaft unga sem aldna. Rifjum upp danssporin og skellum okkur á ball!

Umf. Vaka



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá sveitarstjóra

Fjármál Flóahrepps

Innistæður Flóahrepps, um 75 milljónir króna eru ávaxtaðar á vaxta-reikningi í Landsbankanum og veltufé, um 30 milljónir króna hafa verið geymdar á veltureikningi í sama banka.

Ríkisstjórn Íslands hefur sent frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að innstæður í innlendum viðskiptabönkum séu tryggðar að fullu þannig að ekki er annað vitað en að innstæður sveitarfélagsins séu öruggar.

Skuldir sveitarfélagsins, um 100 milljónir króna eru aðallega hjá Lána-sjóði sveitarfélaga og Íbúðarlánasjóði þannig að Flóahreppur kemur eins vel út úr efnahagsþrengingum þeim sem nú ganga yfir landið og sveitar-félag getur gert hvað þetta varðar.

Félagsmálafulltrúi

Bent er á grein frá félagsmálafulltrúaemættinu hér í þessu riti. Minnt er á viðtalstíma félagsmálafulltrúa, Nönnu Mjallar Atladóttur. Best er að hringja í síma 480-8800 og panta hjá henni tíma eða senda póst á net-fangið felagsmalastjori@laugaras.is

Íbúafjöldi

Íbúar Flóahrepps eru 594 samkvæmt áætlun Hagstofunnar 1. október 2008, 313 karlar og 281 konur.

Við sameiningu sveitarfélaga var íbúafjöldi 526 manns þannig að íbúum hefur fjölgað um 13% á tveimur og hálfu ári eða um 5,2% á ári að meðaltali.

Þetta er umtalsverð fjölgun, ekki síst ef tekið er tillit til þess að enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu.

Sorphirðumál

Nú eru um tveir mánuðir síðan að íbúar Flóahrepps urðu virkir þátttakendur í flokkun á sorpi og hefur sú framkvæmd gengið vonum fram.

Með því er Flóahreppur, fyrst allra dreifbýlissveitarfélaga á landinu að uppfylla markmið Umhverfisstofnunar um árangur varðandi lífrænan úrgang og gott betur en það.

Markmið Umhverfisstofnunar taka mið af lögum nr. 55/2003 þar sem sveitarfélögum er gert að draga úr urðun lífræns úrgangs í áföngum

Ef þið viljið frekari upplýsingar, þá hafið samband við undirritaða og endilega skráið ykkur fyrir 17. nóvember.

Athugið: þetta námskeið er opið fyrir allar konur í hreppnum forna!

f.h. Kvenfélags Villingaholtshrepps

Sólveig Þórðard. S: 482 2553

Skúflæk

Árgjöld Umf. Vöku

Ég vil minna þá sem eiga eftir að borga árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2008 að gera það sem fyrst. Hægt er að leggja árgjaldið inn á reikning félagsins.

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu. Nú þegar hafa nokkrir félagsmenn greitt árgjöldin og þakka ég þeim skjót viðbrögð. Ef eitthvað er óljóst, endilega hafið samband við mig í gegnum tölvupóst lyng@emax.is eða í síma 8459719.

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Glimufréttir

Æfingar

Glimuæfingar eru á mánudagskvöldum milli 20 og 21 í Félagslundi.

Mæting hefur verið góð sem endranær. Rétt er að minna á að æfingarnar eru opnar öllum krökkum í Flóahreppi frá 10 ára aldri.

Fjórðungsglíma Suðurlands í Flóanum

Fyrsta glímumót vetrarins hjá Skarphéðni fer fram þriðjudagskvöldið 11. nóvember nk. í Þingborg. Mótið hefst kl. 18:30 og er keppt í eftirfarandi flokkum hjá báðum kynjum: 10-11 ára, 12-13 ára, 14-15 ára og fullorðinsflokkum 16 ára og eldri. Þeir krakkar sem hafa verið að æfa í vetur eru hvattir til að koma og keppa á sínum heimavelli ef svo má segja og eins eru foreldrar hvattir til að fylgja krökkunum á mótið.

Stefán Geirsson

Fréttir frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Haustfundur kvenfélagsins var haldinn 12. október í Þjórsárveri. Þar sagði Valgerður Gestsdóttir frá afmælishófi SSK sem haldið var á Hótel Selfossi, þar sem m.a. Halla Aðalsteindóttir í Kolsholti var heiðruð með gullmerki SSK. Aðalheiður Alfonsdóttir sagði frá ferð eldri borgara þar sem farið var í Mosfellsbæ, og meðal annars komið við á Gljúfrasteini, ferðafélagar voru 27 og var ferðin ánægjuleg. Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir var kjörin fulltrúi í rekstrarstjórn félagsheimilanna fyrir kvenfélagið og Ungmennafélagið Vöku og til vara er Sigmar Örn Aðalsteinsson. Gefnar hafa verið gjafir nú í haust, skólavistun í Flóaskóla var færð gjöf, gefin voru 3 reiðhjól til Leikskólans Krakkaborgar og gefinn var hægindastóll til hjúkrunardeildar Fossheima. Ýmislegt fleira var rætt, svo sem slök kirkjusókn og ástæður þess, rætt um hvort fólk hefði ekki tíma til að sækja kirkju, þetta er jú aðeins um ein klukkustund á mánuði, rætt um hvort ekki væri ráð að reyna að hafa barnamessur til að ala börnin upp í kirkjusókn. Ákveðið að kaupa borðfánastangir og fána, Eydis Eiríksdóttir kynnti fyrir okkur tilboð og sagði jafnframt frá því að tengdasonur hennar ætlaði að gefa henni/okkur stóran hátíðarfána og ákveðið að kaupa stöng fyrir hann. Rætt um námskeiðahald í vetur, og var þónokkur áhugi á jólanámskeiði, fundarskapanámskeiði og hláturjóganámskeiði, ákveðið að athuga með það.

Sólveig Þórðardóttir ritari.

Jólaónukvöld.

Kæru konur í Villingaholtshreppi hinum forna!!

Hvern langar ekki að gera aðventukrans/ jólaskreytingu/kertaskreytingu í góðra kvenna hópi? Ákveðið hefur verið að miðvikudagskvöldið 26. nóvember kl. 20.30, komi til okkar Arndís Þórðardóttir, blómaskreytir (frá LBHÍ) og aðstoði okkur við hvaðeina sem okkur langar að gera í tilefni aðventunnar. Við munum verða í Þjórsárveri. Námskeiðsgjald er kr. 4.500, innifalið er kennsla/aðstoð og greni á aðventukrans eða jólaskreytingu. Borðar, kúlur, kerti, kertastatif og annað skreytingaefni verður selt á staðnum. Ef þið eigið skálar eða annað sem þið viljið gera skreytingu í, endilega koma með það með ykkur, ef þið gerðuð aðventukrans í fyrra (og ætlið að gera aftur), komið þá með hringina.

þannig:

Að lífrænn heimilis-og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi, miðað við þann lífræna heimilis-og rekstrarúrgang sem féll til árið 1995, minnkað eigi síðar en 1.janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni. Áætlað er að úrgangur til urðunar í Flóahreppi hafi minnkað um 60-70% nú þegar.

Eins og vitað er verður veruleg breyting á sorphreinsun og urðun á sorpi þegar urðunarstað Sunnlandinga í Kirkjuferjuháleigu verður lokað 1. september 2009.

Það er fyrirséð að margföld hækkun verður á urðunarkostnaði á næstunni þegar sorp til urðunar verður keyrt á Álfsnes. Kostnaður við urðun pr kíló verður að lágmarki 12 kr en er í dag er tæpar 4 krónur fyrir hvert kíló sem fer til urðunar.

Það er því til mikils að vinna til lengri tíma litið þegar verulegur sparnaður hefur náðst í urðunarkostnaði, þó svo að kostnaður muni hækka eitthvað fyrir sveitarfélagið vegna hækkunar á sorphirðu. Fleiri sveitarfélög feta í fótspor Flóahrepps en Skaftárhreppur hóf flokkun á sorpi um síðustu mánaðarmót og Hveragerði hyggst hefja flokkun um áramót.

Rekstrarstjórn félagsheimila

Tilnefndir hafa verið fulltrúar í sameiginlega rekstrarstjórn félagsheimila Flóahrepps af eigendum þeirra.

Nefndina skipa þau Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Helgi Sigurðsson og Aðalsteinn Sveinsson sem jafnframt verður formaður nefndarinnar.

	Vantar píð smíð? Nýsmíði, viðhald og öll önnur almenn trésmíðavinna Get bætt við mig verkefnum, stórum sem smáum. Skálaverk ehf, Flóahreppi Andri Þór Erlingsson, Skálateigi Sími: 866-7870
---	---

Gott að hafa í huga á erfiðum tímum

Nokkur orð frá félagsþjónustunni

Eins og flest okkar vita þá hefur margt gerst í heiminum undanfarnar vikur og hafa Íslendingar ekki farið varhluta af þeim fjármálaáföllum sem dunið hafa yfir. Staðreyndin er sú að fólk finnur mis mikið fyrir áhrifum fjármálakreppunnar og sumir koma betur út en aðrir.

Oft vill það gleymast að áföll og sorg tengjast ekki bara slysum eða ástvinamissi því þó að áföll vegna fjármálakrísu og atvinnumissis séu af allt öðrum toga, þá geta áhrifin í reynd verið lítið frábrugðin. Sama hvað það er sem veldur áfalli hjá fólki þá eru viðbrögðin bæði andleg og líkamleg nánast þau sömu. Áfall er oftast gríðalega mikið álag á fólk þannig að ástandið verður því ofviða og það ræður ekki við það. Helstu einkenni eru þau að fólk getur fundið fyrir þreytu, svima, svefnleysi, verkjum í líkama eins og í maga, höfði eða brjósti. Fólk missir einbeitinguna og á erfitt með að muna, og að koma orðum að hlutum. Í mjög alvarlegum áföllum geta einnig komið fram einkenni eins og skyndilegur kaldur sviti, skjálfti/krampi og niðurgangur. Þunglyndi getur komið í kjölfar áfalls og þá er áhugi fólks almennt minni á sem því sem það gerir, matarlyst eykst eða minnkar, breytingar á svefnvenjum, sjálfsásakanir og sektarkennd, óákveðni, óróleiki, löngun í áfengi og vímuefni, sjálfsvígshugsanir og sjálfsvíg.

Enginn einstaklingur er eins og því nánast ómögulegt að segja fyrir um hvernig hver og einn bregst við. Fólk notar misjafnar aðferðir til að ná sér upp úr áfalli og sorg. Ekki má heldur gleyma því að fólk er ekki eitt um að hafa upplifað áfall. Það er ekkert eins eðlilegt og að finna fyrir vanlíðan og sorg eftir áfall. Flestir komast í gegnum það sjálfir, oft með góðum stuðningi frá sínum nánustu hvort sem um er að ræða fjölskyldu, vinum, samstarfsfélögum eða öðrum. Það tekur fólk mis langan tíma að vinna úr sínum málum og við megum ekki vanmeta kraft einstaklinga til ná að jafna sig án aðstoðar fagfólks. Hins vegar ber öllum að vera vakandi yfir því hvernig náunganum líður. Ef fólk er enn með alvarleg einkenni áfalls eftir nokkrar vikur er þó rétt að leita sér hjálpar. Einnig er rétt að láta vita ef áhyggjur eru af öðrum. Hægt er að tala við ættingja þeirra, vini

fjósínu og veiddi mýs og hræddi líftórana úr öðrum hundum og köttum. Með tímanum fóru að myndast skítakleprar í feldinum hans vegna óþrifnaðarins í honum og þegar hann var orðinn einn stór köggull þá tók ég, samviskusamlega, fram skærin og klippti af honum allan feldinn. Svo einu sinni á ári mátti sjá á ferli sköllóttan kött í fjósínu að elta mýs.

Fleiri sögur af undarlegum dýrum. Eitt vorið eignuðumst við heimaling. Alveg pínulítið kvikindi sem engar aðrar rollur vildu með hafa svo við ákváðum að föstra hann og höfðum hann heima hjá okkur. Fyrstu vikuna vildi hún ekkert drekka en við þrjóskuðumst við og loksins fékkst hún til að drekka eitthvað. En vegna vannæringar þá missti hún alla ullina og leit út eins og lítill grís með lambahöfuð. Heimalingurinn var skírður Kryppa og þetta sumar hafðist hún við í garðinum heima, þá aðalega í valmúgabedinu hennar mömmu, og lét minkaárásir og ullarleysið ekkert á sig fá. Svo þegar gesti bar að garði þá gátu þeir séð dvergvasið, nauðsköllótt lamb í garðinum japlandi á hverju sem hún náði í hvort sem það taldist ætt eða ekki. Ég man að karlinn á ísbílnum var mjög hrifinn af henni og spurði alltaf sérstaklega eftir henni þegar hann kom. Kryppa litla var alveg dásamleg og rosalega frek. Það var sett hundaól á hana og ég teymdi hana útum allt. Reyndar var það alveg nauðsynlegt því ótrúlegt en satt þá hlýddi hún mér ekki þegar ég kallaði á hana.

Jæja ég ætla ekki að hafa þetta lengra núna. Vona að þið hafið haft gaman að. En í lokin ætla ég að skora á hana Grétu, vinkonu mína, í Gaulverjabæ að skrifa næsta pistil. Ég efast ekki um að hún hafi frá einhverju skemmtilegu að segja.

Erla Björg Aðalsteinsdóttir, Ástúni

Þrjónakvöld

Þriðjudaginn 4. nóv verður haldið þrjónakvöld í Þjórsárveri kl. 20-22. Allir áhugasamir mæti með þrjónana sína, sjáum hvað aðrir eru að gera og skiptumst jafnvel á uppskriftum, heitt á könnunni. SJÁUMST!

Áhugasamar þrjónakonur í Flóahrepp.

Pistillinn

Komiði sæl

Ég vil auðvitað byrja á að þakka henni Söndru mágkonu minni fyrir áskorunina þó ég viðurkenni alveg að hafa fengið nett fyrirfram kvíðakast þegar ég frétti af þessari áskorun. En þegar ég róaði mig aðeins niður þá fór mér að detta ýmislegt í hug og ég ætla að rifja upp nokkur bernskubrek sem standa alltaf upp úr þegar ég hugsa til baka.

Það eru engar ýkjur að það var margt brallað hérna í "gamla daga" í Kolsholti. Sérstaklega á sumrin þegar Agnes frænka mín var send í sveit og þá var alltaf fyrst og fremst farið á veiðar. Það leið varla sá dagur sem við vorum ekki að leita að ornum, sníkja maísbaunir, gera við veiðistangir, festa öngla og oftast en ekki þá endaði dagurinn niðri skurði að veiða. Þegar ég hugsa til baka þá sé ég ekki hvernig ég gat látið draga mig í fiskerí aftur og aftur því mér er virkilega illa við fiska, þeir eru illa lyktandi og slepjulegir. Svo veiddi ég heldur aldrei neitt og ekki skánaði það þegar ég hafði, því miður, þann hæfileika að losa öngla sem voru vel fastir í innanverðum sporðinum á fiskinum. Svo kvöldin fóru aðallega í það að losa öngla meðan Agnes frænka mokveiddi. Við vorum með fiskeldi og héldum fiskidagbók þar sem við skírðum alla fiskana og skráðum niður með mikilli nákvæmni hvar og hvernig hver fiskur var veiddur. Fiskidagbókin var ekki eina bókin sem við skrifuðum á þessum tíma. Við vorum svo sannfærðar um okkar eigið ágæti að við byrjuðum að skrifa ævisögu okkar aðeins rétt skriðnar yfir 10 ára aldurinn. Reyndar er það í tisku í dag svo kannski má segja að við höfum verið á undan okkar samtíð. Verst að við gáfum bókina aldrei út því hún var mjög litrík og fullt af fallegum myndum í henni.

Já fiskar voru ekki einu dýrin sem lentu í barðinu á okkur á þessum tíma. Eitt sumarið vildi svo sorglega til að ein læðan dó frá kettlingum sínum en við frænkurnar ákváðum að taka þá að okkur og ólum þá upp eins og börnin okkar. Við gáfum þeim að éta, böðuðum þá og geymdum þá í vösunum á peysunum okkar. Ótrúlegt að þeir lifðu þessar hremmingar af. Kötturinn minn var skírður Valmúgi og hann var alveg svakalega loðinn sem var frekar óheppilegt þar sem hann kunni ekki að þrífa sig. Ég hef víst óvart gleymt þeim parti í uppeldinu. Allavega þá bjó hann í

eða aðra sem þekkja þá vel. Ef ekki er um slíkt að ræða er sjálfsagt að láta lækni á heilsugæslu vita af áhyggjum. Þessir einstaklingar mega ekki gleymast og því skiptir gríðarlega miklu máli fyrir alla að vera vakandi yfir líðan annarra.

Allir eiga kost á því að leita til félagsþjónustu í sínu sveitarfélagi eftir aðstoð og ekki síst á tímum sem þessum. Hjá félagsþjónstunni starfa félagsráðgjafar sem hafa háskólamenntun og sérþekkingu á félags- og heilbrigðisþjónustu ásamt dóms- og menntakerfi. Félagsráðgjafar geta því veitt félagslegaráðgjöf á mörgum sviðum og fólk getur því leitað eftir aðstoð til dæmis vegna fjárhagsvandræða, atvinnu- og húsnaðismála og andlegrar líðan. Ekki síst veita félagsráðgjafar einstaklings- og fjölskylduráðgjöf og þekkja vel til áfallahjálpar.

Mikilvægt er að fólk hafi það í huga að nauðsynlegt er að leita sér aðstoðar ef því reynist erfitt að vinna úr sínum málum eða hefur þörf á að léttu á áhyggjum sínum og fá stuðning. Starfsmenn félagsþjónustunnar eru ávallt boðnir og búnir til að aðstoða og leiðbeina öllum þeim sem þess óska, óháð stöðunni í þjóðfélaginu.

Höfum líðan okkar sjálfra og þeirra sem standa okkur næst ávallt í fyrsta sæti í forgangs röðinni, þar sem það er dýrmætasta eign okkar allra.

F.h Félagsþjónustu uppsveita Árnessýslu og Flóa
Arndís Tómasdóttir félagsráðgjafarnemi

Atvinna

Óskum eftir duglegum starfskrafti í minkaförgun og fláningu í nóvember. Hlutastarf kemur einnig til greina.

Bjarni og Veronika

Túni

Sími 861-5561 og 482-1060

Frá Flóaskóla

Nýliðinn október mánuður hófst með fjölmenningslegri hausthátíð í Flóaskóla. Gestir okkar þann dag voru fjölmargir og viljum við þakka ykkur öllum fyrir komuna og fyrir að sýna skólastarfinu svona mikinn áhuga.

Lögreglan á Selfossi kom í heimsókn í byrjun mánaðar og ræddi við krakkana um umferðaröryggi og fleiri mál tengd lögreglustarfinu. Eins og alltaf var mikill áhugi meðal nemenda sem spurðu mikið. Síðan fengum við heimsókn frá Björgunarfélagi Árborgar sem gaf öllum nemendum endurskinsmerki, en þau þurfa að vera á öllum yfirhöfnum og skólatöskum nú þegar skammdegið færir yfir.

Fyrsti fundur nýs skólaráðs var haldinn um miðjan október, en skólaráði er ætlað, samkvæmt nýjum grunnskólalögum, að leysa af hólmi foreldraráð, kennararáð og nemendaráð. Í skólaráði sitja fulltrúar starfsmanna skólans, foreldra og nemenda. Nú um nýliðin mánaðarmót voru fyrstu formlegu námsmatsviðtöl í skólanum en þá mættu allir nemendur í viðtal til umsjónarkennara ásamt foreldrum. Starfið hefur gengið vel það sem af er hausti og gott að staldra aðeins við á þessum tímamótum til að setja sér áframhaldandi markmið. Á viðtalsdaginn var lögð könnun fyrir foreldra á viðhorfi þeirra til skólans og verður unnið úr henni á næstu vikum og niðurstöður birtar.

Nemendur í 7. bekk héldu nýverið opið hús í skólanum og buðu félögum sínum í 6. bekk á skemmtunina.

Þessa dagana eru nemendur á dansnámskeiði hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru en þau hafa komið í skólann á hverju hausti undanfarin ár. Dansinn er góð líkamleg hreyfing auk þess sem hann getur haft góð áhrif á félagstengsl og samskipti barnanna.

Og að lokum sendum við í skólanum kveðjur til Kvenfélags Villingaholtshrepps með þakklæti fyrir affreyingardótið sem þær færðu skólavistun Flóaskóla að gjöf – það á eftir að auka fjölbreytni í leik barnanna.

Framundan eru 7 skólavikur þar til jólaleyfi nemenda hefst – tíminn er alltaf jafn fljótur að líða þegar hlutirnir ganga vel og eru skemmtilegir :-)

Með bestu kveðju, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Menningarferð

Þá er komið að því!

Menningarferð Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður **laugardaginn 29. nóvember 2008**. Farið verður í Rangárþing í þetta sinn, ýmislegt skoðað sem athyglisvert má teljast, t.d. handverkshús á Hellu, Meyjarhofið í Fljótshlíð og sitthvað fleira sem ekki er talið upp hér. Daginn endum við á Leirubakka í Landssveit, þar skoðum við Hekluasetur og einnig eru þar heitir pottar og sundlaug sem við munum nýta okkur. Munið því eftir að taka með bikinið og tilheyrandi! Eftir pottferðina verðum við orðnar glorsoltnar og snæðum kvöldverð á Leirubakka, þríréttaða dýrindis máltíð, en ekki mat af jólahlaðborði, eins og venja hefur verið.

Allar konur í Gaulverjabæjarhreppi hinum forna eru velkomnar í menningarferðina, óháð því hvort þær eru í kvenfélaginu eða ekki. Nú er um að gera að drífa sig með, því þessi ferð er rómuð fyrir skemmtilegheit. Kvenfélagið greiðir fyrir rútufarið að stærstu leyti, hver kona gæti þurft að borga 1000-1.500,- kr. Lagt verður af stað frá Félagslundi kl. 11.00 árdegis.

Þátttöku skal tilkynna eigi síðar en fimmtudaginn 20. nóvember til Margrétar á Syðra-Velli í síma **486 3377**, gsm **846 9287**, eða í tölvupósti, **velli@emax.is**.

Jólatrésskemmtun

Árleg jólatrésskemmtun Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps er fyrirhuguð sunnudaginn 28. desember í Félagslundi.

Kvenfélagið.

Tilkynning

Þorablót (Hjónaball)
Gaulverja verður haldið í
Félagslundi 31. j anúar.
Nánar auglýst síðar.

Nefndin

Þorablót í Þjórsárveri

Nú er komið að hinu árlega þorablóti í Villingaholtshreppi og verður það haldið laugardagskvöldið 31. janúar. Nánar auglýst síðar.

Nefndin